# Vorvísur 1903.

1. Því nú vetur þrotinn er,
þunga tímans sporið.
Eg veit hvat á eptir fer,
yndislega vorið!

2. Þó að vorsins blíða blít
bregðast stundum kunni,
sjá til, maður! sú er tíð
samkvæm náttúrunni.

3. Opt er kaldur Íslands-sær,
ísa-vetrar-róti;
en Íslendinga hugur hlær
hretviðrunum móti. —

4. Vinir bestu! virðum það,
viti þeir sem stríða:
Okkur sendir Alvaldsráð
eins hið stranga og blíða. —

5. Vorið góða gleður fljót
gremju sorg og kvíða;
eykur þjer, en eyðir mót
inndæl sumarblíða.

6. Allt sem hefir andá og raust
elski Drottins nýtur.
Öll tilveran efalaust
æðri boðum lýtur.

7. Opt á vorin þörgast foss,
fjör af Drottni þiggur.
Friðarboginn bendir oss,
brautin hvert að liggur.

8. Einnig samkvæmt æðri dóm
öll á vori deyja
endurlifnuð ljóma blóm,
ljósa fjöri nýja. —

9. Fífill, sóley, fjóla, rós
fegurð veita grundum,
þá er eins og lífsins ljós
logi öllum stundum.

10. Þegar vorar veikist mest
vetrarmyrkrið svarta,
dags og nætur sváslegt sést
sólarljósið bjarta.

11. Ljós það bætir bölið lífs,
ver því Guði kæsið.
Það er ímynd æðra lífs,
þá aldrei slokknar ljósið.

12. Vori fagnar fuglahjörð
frí af sorg og pínu,
syngur Drottni þakkargjörð
þá frá brjósti sínu.

13. Lóan Guði landsins þá
lofgerð syngur sanna;
endurhljómar söngur sá
sótt frá hjörtum manna.

14. Vindar, dýrin, vötn og fold
viðurkenna Drottin.
Skyldi síður mannleg mold
mikla þakkar-vottinn?

15. Þó að Guð vor grund og höf
gæti blóma sönnum,
langt um meiri gæskugjöf
gefið hefir mönnum.

16. Guðsson meina-græðarann
gjöfin besta þýði.
Alla tíma elski hann
allir kristnir lýðir. —

17. Hverfi sundrung, drýgjum dug,
drengir alla vega;
berum saman bróðurhug,
breytum kristilega.

18. Félagsskapur myndar mátt,
máttur dýpt er seldur.
Einn sérstakur orkar smátt,
ýmsu sjálfum veldur. –

19. Styðjum bræður hnekkinghrjóð,
hrindum deyfð úr ~~sinni~~ spori!
Öllum mönnum óska gótt
eg á næsta vori. –

— „ —

Það er ósk höfundarins, að „Viljinn“ sveitarblað Blöndhlíðinga, geri svo vel og birti lesendum sínum þannig skrifaðar vísur, og í þeim tilgangi eru eftirfarandi vísur gerðar.

Til Viljans

— „ —

1. Innra hjá mér fýsn ~~og~~ þá fim –
fer því til þín kvaka –
að þú viljir, Vilji minn!
vísur þessar taka. –

2. Vegna þeirra verður þjóð
varla mikið hrifin.
Hjá þér heldur lögud gjót,
en lýð af sundurrifin.

3. Í bættum flíkum sómir sér
sérhver baugalundur.
Betra er að spengja brostið gler,
en brjóta það í sundur. –

4. Nú þess dæmin þinnast flest,
flest þar lendir viður,
það sem einhver byggir best,
best er rifið niður

5. Þetta illa sómir sér
satt eg frá því hermi,
þessu hætta þurfum vér
því með framtíðinni:

6. Ætíð gangi Íslands þjóð
eptir Drottins vegi!
Að svo mæltu enda ljóð
eg og punktum segi.

— „ —

Drengir! þenna annsa óð
orti Bylur-Jelli = (Fellibylur)
Segja menn, að sé hans lát.
sunnan til á Velli.

Út af ritgerðinni um föðurlandsást, sem
er hér að framan í þessu tölublaði
„Viljans“, skal jeg leiða athygli lesand-
anna að því að ~~til~~ þess að láta börn kynn-
ast góðskáldum vorum er einkar
hentugt að láta þau læra utan að kvæði
eptir þau; en ekki er að búast við
því, hvorki að Ljóðabækurnar séu til
á öllum þeim heimilum, sem börn
eru á, né að foreldrar barna geti
valið það, sem hentast er fyrir þau að
nema, þess vegna þarf úrval af kvæðum
eptir skáldin að vera við höndina.
Og þetta úrval er til. Bók sú heitir
„Skáldagjöf“, handa börnum“ og hefir for-
stöðumaður prestaskólans séra Þórhallur
Bjarnarson, hinn smekkvísasti maður,
og mjög kunnur íslenzkum bókmennt-
um valið þau úr beztu skáldum
19. aldarinnar, svo að vér höfum góða
tryggingu fyrir því, að smekklega sé
valið, bæði að því er kemur við efni

og formi. Jeg vil því ráða þeim til þess,
er láta sér annt um menning barna
sinna, að kaupa bók þessa handa þeim
og láta þau læra utan að kvæði í henni.
Bókin kostar eina krónu í bandi;
og sú króna borgar sig áreiðanlega
vel.

— „ —

Dánir eru hér í prestakallinu nú í þessum
mánuði: 3. Sigurjón Jónsson bóndi á Hellu
dáinn 9. þ. m. Hann var ungur og efnilegur
bóndi; vandaður og stilltur maður til orðs og
verka, og tryggur vinur vina sinna.
Hinn 13. þ. m. dó Jóhann bóndi Jónsson í
Vaglagerði; sem um mörg ár hafði dvalið
hér í sókn, og optast búið einsetulífi:
Hann batt ekki ~~batt~~ bagga sína með sam-
ferðamönnum sínum; og fór að mörgu leyti
einn síns liðs í heiminum. Hann var án
efa mikill gáfumaður, hafði skarpa og
glögga greind á hlutunum, og fann hjá
sér mikinn mátt, en var beygður af
erfiðum kjörum ~~þungum [illegible] kjörum, heilsuleysi~~; sérstakl.
heilsuleysi, en bar það í rauninni frá sins

og karlmenni, og mikilmenni sýndi. Eins og margir gáfaðir alþýðumenn hafði hann einkennilegar skoðanir, og hélt mjög fast við þær. Hann var guðhræddur maður, og trúlyndur vinum sínum. Allra manna var hann sparsamastur, og það svo að höf. þótti jafnvel keyra stundum, enda safnaðist honum talsvert fé, þegar tekið er tillit til allra ástæðna, því at margur á hans sporum mundi fyrir löngu síðan hafa þegið afsveit. Sagt er at eigur hans hafi við virðing verið nær 1100 kr.

Það allra eptirtektaverðasta við æfisögu Jóh. sál. er hvernig hann ráðstafaði fé sínu eptir sig látinn. Hann arfleiddi spítala þjóð Sauðárkróks að eigum sínum. Þetta sýnir, að Jóh. sál. var að mörgu leyti á undan samtíma mönnum sínum, sem eins stendur á fyrir honum. Þó hann væri engan veginn örlátur og gjöfull maður á æfi sinni, þá vakti þó fyrir honum kærleikans hugsjón, og þessi hugsjón framkvæmdist að honum látnum. Hann hafði reynt heilsuleysi á allri lífi, og hann vildi hjálpa þeim, sem í framtíðinni lítt stæði á því, og hann gat það ekki með öðru betra en þessu.

Lesendur Viljans muna sjálfsagt eftir sögu-byrjun þeirri er kom út í 6. H. Viljans í fyrra. Nú hefir mér verið sent framhald hennar, og sendi eg það nú til birtingar í blaðinu. Félagsmenn eru beðnir að virða á hægra veg, hvað seint það kemur.

Eftir því sem höf. segir, er saga þessi ein af þeim sögum er borist hafa í munnmælum mann frá manni, og á að því leyti skylt við þjóðsögur vorar. Hún á því að vera sönn, og er það ekki ólíklegt að hún sé það í aðalatriðunum. En sumt virðist mér í henni miður trúlegt, og er ekki ólíklegt, að það sé orðum aukið, þó slíkt nái ekki til þess manns, sem hér hefir ritað söguna. En hvað um það; sagan er alls ekki ómerkileg og verður vafalaust lesin með ánægju af flestum

Á. H.

# Sagan
af
## Gamla Gudmundssyni
í Krossanesi vid Eyjafjörd.

Eftir Símon Eiríksson í Litladal.

// // //

Á þeim tíma er saga þessi gerdist,
fiskudu Hollendingar oft vid Eyjafjörd.
Vildi Gamli glettast til vid þá; bjóst
hann eitt sinn ad heiman med háseta
sína. Sigldu þeir út ad einni skútu
Hollendinga og gengu upp á hana. Sló
þar brátt í ryskingar og áflog, og gékk
Gamli hart fram, svo Hollendingar
hrukku fyrir og voru þeir þó 12 eda
14. Fóru svo leikar, ad þeir Gamli hand-
sömudu þá alla og bundu. Eftir þad
rændu þeir því er þá lysti, og hlódu
skip sitt. Sídan leystu þeir einn þann

hollenska, og fóru ad því búnu í skip
sitt og reru í land. En jaktin sigldi
þad brádasta út af Eyjafirdi.
En er þetta fréttist, var Gamli áþokk-
adur mjög fyrir verk þetta, en hann
lét sem hann heyrdi þad ekki.
Næsta sumar komu Hollendingar
aftur á Eyjafjörd, og hugdi Gamli sér
gott til fjár. Reri hann eitt kvöld
fram til einnar skútunnar, er lá næst.
Þekti hann þar sína fyrri skiftavini.
Þeir gáfu honum bendingu ad koma
upp og gerdi Gamli þad, og fóru þeir
allir upp á skútuna. Hollendingar budu
þeim ad koma nidur í káetu og drekka
vín; en er þeir voru búnir ad drekka
um stund, vard Gamli þess var ad
mönnum fjölgar á skútunni. Stökk
hann þá upp á þiljur og allir hans
menn; sjá þeir þá ad annad skip er

komið og lagst við hlið borð skips
þeirra, og það reyrt á tal bóndanns.
Þótti Gamla þetta mjög ískyggilegt
og menninir illúðlegir; hljóp hann
þá og menn hans í skip sitt og
vildi losast. Þá fleygðu hinir ofan á
þá stórum seglagörnum, og hlupu
svo ofan á þá Gamla og hans menn.
Flæktust þeir félagar í seglið, en út-
lendingar komu með nóg börd, og urðu
þar ljótar sviftingar, þar til Gamli og
hans menn voru allir bundnir og máttu
sig ekki hræra; en margur var þá blár
og blóðugur. Þá tóku þeir Gamla og
bundu hann við kaðal, söktu honum
svo fyrir borð og kjöldrógu hann;
en er hann kom upp ú var hann all-
hress. Þá kjöldrógu þeir hann aftur,
og er hann kom upp var hann mjög
þjakaður. Þá kjöldrógu þeir hann í

þriðja sinni, og er hann kom upp, var
sást að eins lífsmark með honum.
Hvestist hann þá fljótt og skimaði
í kringum sig; þá vildi annar skip-
stjórinn láta varpa honum fyrir borð,
en hinn skipstjórinn benti hendi sinni
upp til himins, en ekki skildi Gamli
þá. Tóku þeir hann þá og létu hann
síga niður í skip sitt, og leystu einn
af mönnum hans. Síðan losuðu þeir
skip hans, en settu sjálfir upp segl
og sigldu á haf. Hásetinn leysti Gamla
og þá alla, og hafði Gamli sagt svo
frá seinna, að þá hafi hann langað
til að skjóta á Hollendinga og elta þá,
en hásetar aftóku það, og skildi svo
með þeim. Hélt Gamli til lands og
heim. Fréttist þetta víða um Eyja-
fjörð, og þótti mörgum að honum
vera þetta maklegt, en hann lét sem

hann heyrði það ekki.
Eitt sumar var fiskileysi mikið við Eyjafjörð, og um haustíð þóttist Gamli hafa lítinn vetrarforða af fiskæti. Þá heyrði hann að landburður hefði verið það sumar í Grímsey, er liggur norðaustur af Eyjafirði 6 vikur undan landi. Þangað hafði Gamli aldrei komið á æfi sinni. Kom hann þá upp með það við hásetta sína að fara til Grímseyjar, og voru þeir fúsir á það. Stigu þeir svo á skip og settu upp segl, því vindur stóð af landi. Fengu þeir besta leiði alla leið út í Grímsey. Er þeir lentu komu margir eyjarskeggjar til strandar, en er þeir vissu hverjir komumenn voru, varð þeim bilt við, því þeir höfðu af þeim heyrt margt illt, og sneru þeir allir frá. Þegar Gamli sá það,

að menn vildu ekki tala við hann, þá fór hann í fiski-hjalla þeirra og lét greipar sópa; báru þeir á skip og hlóðu. En er eyjarbúar sáu þetta drifu þeir ofan að sjó, og vildu banna þeim útróður; lenti þar í slag með þeim, og gekk Gamli hart fram, svo eyjarmenn fengu þar mörg högg og stór, og flýðu allir frá að lokum. Þá hljóp Gamli á skip og þeir allir og héldu á sjó út, en eyjarbúar árnuðu honum ills og heitaðust við hann.
Gamli hélt alla leið til Krossaness, og settist í bú sitt, og bar ekkert til tíðinda um nokkur ár.
Eitt sinn kom kona Gamla að máli við hann, að ólifandi væri að búa í Krossanesi fyrir vatnsleysi. Þá er sagt að Gamli tók til starfa með húskörlum sínum, og störfuðu

þeir langann tíma, þar til þeir gátu
veitt vatni heim að bæ, og þótti það
góð jarðarbót og hagræðauki fyrir
heimilið.

Einu sinni eptir jól laust á ofsa-
veður um nótt. Þá stökk Gamli á
fætur, og hét á húskarla sína að duga
sér drengilega, og festa með sér skip
sitt. Stökk hann svo út og niður að
sjó, lág skipið þar flatt í flæðarmáli.
Varð honum fyrst fyrir að koma því
upp í naust, með því móti að bera
það á stöfnum, og tókst það um
síðir. En er það var búið, hljóp Gamli
niður í fjöru, og þreif upp stein einn
og bar að naustinu, og festi skipið við
hann; kvaðst Gamli aldrei hafa reynt
meiri aflraun á æfi sinni, enda álitu
menn steininn fjögra manna tak frá jörðu,
og kvað hann hafa verið þar um miðja

þessa öld. (Hjálmar skáld Jónsson
kvaðst hafa skoðað steininn, og var
hann þá nokkuð sokkinn í jörð, og
áleit hann steininn fullkomið sex
manna tak, af nútíðar mönnum, að
hefja hann frá jörðu) Þá hélt Gamli
heim, og mætti hann þá húskörlum
á miðri leið; en orsökin var sú, að hann
hélt optast ónýtt fólk til vinnu; ekki
átaldi hann þá fyrir það.

Eitt sinn vantaði Gamla nokkra
sauði, er töpuðust – mig minnir á
útmánuðum – og var þeirra leitað
og fundust ekki. Gamli spurði
hvort þeirra hefði verið leitað á
Gerárdal. (hann liggur þar uppi í
fjöllum). Fóru húskarlar þangað, en
komu aptur svo búnir, og sögðu
jafnframt að þeir hefðu orðið varir
við óvætti á dalnum, og kváðust ekki

þora að líta þangað. Gamli kvað ómannlega leikað. Næsta morgun lagði Gamli sjálfur á stað, og hafði ekki svo mikið sem prik að ganga við. Hélt hann fram á Glerárdal, en er hann kom framarlega á dalinn heyrir hann óskur ógurleg, og í því sér hann koma úr dalsbotninum eitt-hvert kvikindi, en þó í mannslíki. Þegar þetta þokaðist nær sá hann að það var í kvenlíki, en svo var hún stór að honum ofbauð, alt svo lítill hans var. Kom þá í fyrsta sinni hræðsla í brjóst hans. Sér hann það ráð best, að snúa undan, þar sem hann var verjulaus. Hljóp hann nú sem hann mátti; en er hann kom neðarlega í dalinn leit hann við, og sá þá að skessan var komin nær að honum, og þóttist hann vita að hún myndi

ná sér. Fékk hann þá það til bragðs að hann snýr sér við og lefur alt sögka-lega. [illegible]

Hún stansaði þá og skildist honum hún segja: „Bágt á sú kona, sem á slíkt óhræsi". Síðan [illegible] hún við og hélt til fjalls, og stó stórum; en Gamli fór heim og gat ekki um þetta við nokkurn mann.

Fáum dögum síðar hvarf Gamli, og er aðgætt var, var líka horfin bissa hans. Kom hann heim um kvöldið og vissi enginn hvert hann hefði farið, en nokkru seinna sagði Gamli að enginn þyrfti að óttast tröllkonuna, enda varð enginn var við hana framar og enginn þóttist vita hvernig á henni stóð; var helst giskað á að Hollendingar myndu hafa hleypt henni á land, og ætlað henni að glettast til

við Gamla.

Eptir það bjó Gamli mörg ár og þótti hinn besti búhöldur. En þegar hann var orðinn gamall; komu aflaleysis ár. Fór þá Gamli til Grímseyjar, og rændi þá eptir lyst sinni. Höfðu þeir þá grímur fyrir andlitum sér, svo þeir þektust ekki. Þá grunaði Grímseyinga hver formaðurinn væri, og vitudu sýslumanni klögun; en Gamli þrætti fyrir, og datt þetta svo niður. En Grímseyingar heitudust við hann.

Eitt sinn fór Gamli til Grímseyjar, og tóku eyjarskeggjar honum þá með kostum og kinjum. Féll vel á með þeim, og gáfu þeir honum gjafir og báðu hann að flitja fjóra fátæka menn til lands, því það var siður að sýslan forðaði ómaga

frá Grímsey. Þegar hann steig á skip, leit hann til lopts og sagði: „Nú stig eg seinast fæti á jörð". En eyjarskeggjar klögu í kamp.

Þá dimdi mjög í lopti og var sjór í uppgangi; setti Gamli þá upp segl og hélt til lands; var skip hans ákaflega hlaðið. Veit enginn um sjóferð þá, því þá brast á öskuveður, sem stóð í tvo sólarhringa, með svo miklum sjógangi, að engum skipum var treystandi á Grímseyjar-sundi.

Þegar hríðina birti upp, gékk maður til sjóar frá Látrum — það er ysti bær að austanverðu við Eyjafjörð —. Hann sá í vík einni skip rekið á land; fór hann þá og sótti menn, og fóru þeir til víkurinnar og fundu þar mörg lík í fjörunni og mikla skreið upprekna. Þá gengu

þeir að skipinu og lág það á hlið-
inni, en framan við það sat maður
uppi við þara-hrúgu. Hann var stór
vexti og karlmannlegur, og sat þar
örendur. Þeir þektu þar Gamla, og
undruðust mjög að hann hafði
bjargað skipi sínu undan sjó, en
það sem þeir á ætlu að hann hafði
gert, en uppgefist við það og tekið
af vörn sér, látið svo fyrir berast
hjá skipi sínu og liðið í brjóst.
Var hann svo fluttur á skipi
sínu inn í Krossanes, og þótti
mannskaði mikill að Gamla
því hann þótti framar flestum
mönnum í þann tíma.
Það var allra manna mál að
Grímseyingar hefðu gert að Gamla
galdraveðrið til að lama hönum
með því gripdeildir hans, því

## Ættjarðarást.

Vér heyrum opt talað um, að föðurlands-
ástin sé á lágu stigi eins og margt
fleira hjá oss Íslendingum. Það er t.d.
í sögur fært, hve mikill munur sé
að heyra Íslending í Ameríku ~~ta~~tala
um og lýsa landinu sínu, eða Norð-
menn. Íslendingurinn finnur því margt
til foráttu, en Norðmaðurinn lofar ~~sitt~~
~~land~~ landið sitt. Hve mikill sann-
leikur er í þessu fólginn skal jeg ekk-
ert segja um, þar sem jeg hef ekki
átt tal um þetta við aðra búsetta
Íslendinga ~~menn~~ í Ameríku en þá, sem komið
hafa hingað í þeim erindagerðum
að laða menn burtu af landinu,
en þá liggur í augum uppi, að
þeir eru engan veginn óvilhallir
dómendur, að hugsanlegt er, að eigin
hagnaður geti ~~[illegible]~~ ráðið eigi
all-litlu um skoðun þeirra á föður-
jörðunni. Mót þau er koma út:

Ameríku frá Íslendingum virðast í
þessu máli, sem flestum öðrum
málum, vera sitt hvoru megin.
„Heimskringla“ mun alveg eins fremur
flytja álitlega ritgerði um fósturjörð-
ina gömlu, telja hér vel mega kom-
ast af, ef rækt væri lögð við landið
eða atvinnuvegina, sem reknir eru
í landinu. Hins vegar mun „Lögberg“
að minnsta kosti meðan blað það var
undir ritstjórn Einars Hjörleifssonar
fremur hafa hnýtt í landið. Á síðari
árum hef ég ekki séð þetta blað, svo
að ég get ekki borið vitni um þetta
atriði.

Vér Miklabæjar sóknarmenn munum
líka þá tímana, að þeir menn voru
hér á meðal vor, er litla ánægju
létu í ljósi út af því að vera
bornir og barnfæddir á þessari „kart-
nögl“ veraldarinnar. En þeir tímar
eru liðnir og þeir menn farnir á
burtu frá, svo að þess er naum-

ast vert að minnast.

En allir þeir, sem treysta framtíð þessa
lands, mega vera þeim þakklátir, er
sýna í orði eða verki, eða hvorttveggja
að þeir elska ættjörðina, því að í raun
og veru er það fyrsta skilyrðið fyrir
öllum þjóðþrifum, að íbúarnir elski land
sitt og vilji í orði og verki styðja að
öllum framförum þess og þjóðarinnar. Og þar sem lastmælin
hafa verið svo hávær um stund, góð
og ill í sporum þeirra, þá getum vér
ekki annað en glaðst af þeim rödd-
um, sem segja: „hér er oss gott að
vera“. Vér getum ekki annað en glaðst
af því að heyra unga og efnilega bænd-
ur, sem þegar hafa reynt þessa stöðu, sem
mörgum þykir svo óálitleg á þessum
tímum, hrósa landinu sínu, hrósa
sveitinni sinni, hrósa ábýlisjörðinni
sinni. Ég segi fyrir mitt leyti, að
mér finnst einmitt vert fyrir oss, að
taka eftir því, að láta það ekki tý
að eins hljóma í eyrum vorum, heldur

reyna að gera oss ljóst, hvort vér getum ekki tekið það upp, sem vort eigið, að minnsta ættum vér að vera þakklátir fyrir það, einkum þegar lofið kemur frá þeim mönnum, er sýnt hefir verkinn að hér er vel lifandi; og það í bændastandi í sveitinni.

Vér ættum allir og öll konur jafnt sem karlar, að vekja ættjarðarástina, að vekja þá tilfinninguna hjá oss, að vér erum sérstök þjóð, með sérstakri tungu og sérstökum þjóðareinkennum, að oss er af forsjóninni ætlað að vinna vort eigið hlutverk í alheimsmenningunni, að vér eigum ekki að standa aðgerðarlausir og horfa á framrás hinna menningarþjóðanna, heldur leggja fram vorn skerf, og kappkosta, að hann sé sem beztur og hulla drýgstur og oss sjálfum til sóma, hvar sem vér förum. Félagið

okkar er fámennt og fátækt, en með einlægum vilja, og einbeittum áhuga getum vér þó komið mörgu góðu til leiðar.

Ættjarðarástin er engan veginn í því innifalin, að vér séum drambsamir og þykjumst öllum þjóðum fremri. Eins og það er mjög áríðandi fyrir hvern einstakan mann að þekkja sjálfan sig, þekkja hæfileika sína, þekkja bresti sína og ófullkomleika, eins er þetta nauðsynlegt fyrir þjóðirnar. Nauðsynlegt er fyrir þjóðina að finna hjá sér máttinn til þess sem hún getur, svo að hún falli ekki í víl og efasemi og leggi árar í bát, gefist upp í lífsbaráttunni. En engu síður er hitt nauðsynlegt að þekkja bresti sína og játa þá hreinskilnislega fyrir sjálfri sér, því að ella er engin leið til þess að hún bæti úr þeim. Hún hugsar þá sem svo: Svona hátt stend ég, hærra get ég ekki komizt, en eins og bergjum-

legt er, með slíkri hugsun er öll fram-
fara þrá gersamlega ~~útilok~~ útibygð.

Vér eigum mjög margt í fórum vorum, sem vér þurfum að vernda og gæta, og sem ~~með~~ miðar til þess, að efla hjá oss sanna ættjarðarást.

Fyrst af öllu má telja tungu vora íslenzkuna. Það er algilt lögmál í sögu allra þjóða, að skeyti þjóðin lítt eða ekki um tungu sína, þá er þjóðin á apturfararleið. Í málinu felst hið göfugasta og bezta, sem hver þjóð á til, og beri hún ekki virðingu fyrir því, hefir hún misst virðinguna fyrir sjálfri sér. Vakni þjóðin við finni hún til sín, sem ~~sérstak~~ sérstaks limis á ~~man~~ líkama mannkynsins, þá vaknar um leið tilfinningin fyrir tungunni — þeirri tungu, sem þjóðin mælir á. Mýmörg dæmi mætti nefna þessu til sönnunar úr sögu menntaþjóðanna, en rúm-ið mundi engan veginn endast til þess. Vér skulum að eins nefna dæmi úr vorri eigin sögu. Nokkru fyrir

miðbik 19. aldarinnar, vaknaði almennur frelsishugur hjá íslenzku þjóðinni. Um það leyti voru miklar frelsishreyfingar í öllum löndum Vestur-Evrópu og bárust þessar hreyfingar frá ungum námsmönnum, sem dvöldu við háskólann í Kaupmannahöfn, hingað til Íslands. Þessar hreyfingar stefndu einkum í þá átt að efla þjóðinni meira stjórnarlegs sjálfstæðis. En samfara þessum frelsishreyfingum vaknaði sterk löngun til þess hjá öllum hinum betri menntamönnum þjóðar vorrar (~~til þess~~) að bæta málið, og er það heill herskari af ~~góð~~ mætum mönnum, sem lögðu kapp á það, og hina mestu alúð að ([fegra] bæta) málið, hreinsa burtu úr því allan dönsku-sorann, sem hafði atað það um langan tíma, einkum guðfræðismálið og lögfræðismálið, og var þessum mönnum svo mikið ~~agæ~~ ágengt, að óhætt má ~~fulli~~ [fullyrða], að í engu hafi framfarirnar orðið meiri en í þeirri grein á 19. öldinni, og þó getum vér sagt, að það hafi ekki verið

nema þá ár, sem að því ~~hafi~~ verið slagað, mest á árum 1840-50. – Af mönnum sem mest og bezt ~~studdu~~ studdu að því að fegra málið má nefna Sveinbjörn Egilsson rektor. ~~Gísla~~ Konráð Gíslason. ~~og Jón~~ [illegible] og skáldið Jónas Hallgrímsson.

Allir sem vit hafa á eru samdóma um það, að Íslenzkan er fallegt mál, hreimurinn hreinn og snjall eins og hjá flestum þjóðum, sem búa í fjöllóttum löndum, og auk þess, sem málið lifir sjálft á vörum vorum, og vér notum það til þess að láta í ljósi það bezta sem oss býr í brjósti, þá eigum vér líka á þessu máli vora dýrustu arfleifð; bókmenntirnar. Það er málið sem sögurnar okkar hafa verið sagðar á, það er málið, sem skáldin okkar hafa ort á, bæði fyrr og síðar. Það er því skylda okkar, helg skylda að varðveita þessa dýru eign, sem bezt vér kunnum, að varast að saurga hana eða flekka með útlendum orðskrípum. Ég held að það sé ekki í ótíma talað að vara menn við slíku, eða vekja

athygli manna á því, því að ekki bryddir svo all-lítið á þeirri tilhneiging hjá oss að það þykir eins og meira í munni, að nefna ýmsa áhöld og fleira útlendum nöfnum en íslenzku. Siður þessi er gamall á Kaupstöðunum landsins, sem stafar af því að þar hafa frá gamalli tíð verið danskir menn og aðrir útlendingar, sem aldrei hafa lært Íslenzku til hlítar. Einkum eru það innanhússmunir ýmsir, sem nefndir eru dönskum nöfnum, og svo fleira. Ég hef veitt því eptirtekt, að Sauðárkróksbúar segja „fínt veður“ en ekki gott veður og fleira af þessu tagi. Þessi siður er nú tekinn að gægjast fram í sveitunum, og ber ~~(kem)~~ sérstaklega ~~ber~~ á honum ef vér tökum upp einhverja muni í sveitinni, sem að eins hafa verið notaðir áður í kaupstöðunum. Þannig kalla menn eldavélar almennt „maskínu“, en verra er þó, að eldhúsið má ekki halda sér lengur – það er allt í einu orðið að „Kokkhúsi“, ef það hefur verið þiljað, og er „kokkhús“ þó engan veginn

hljómfegurra orð en eldhús. Þessi siður
ætti sem fyrst að leggjast niður. Hin upp-
vaxandi kynslóð ætti að láta sér þykja sómi
að því, að halda tungunni sem allra
hreinastri, og síst að tala inn í málið
afbakaðar ~~tungu~~ Dönsku slettur, þar sem vér höf-
um góð og gild orð til, og þurfum eng-
in orð að fá að láni. En eptir því sem fram-
farir aukast, og þekkingin verður yfir-
gripsmeiri ~~fleiri~~, eptir því þarf þjóðin á flei-
rum orðum að halda — en málfræðing-
arnir eiga að búa þau til og vér svo
að tala þau upp eptir þeim. Það er
vandi að búa til ný orð yfir nýjar
hugmyndir og hluti og ekki á annara
færi en þeirra, sem gjörþekkja lögmál
tungunnar.

Margt sem ritað hefur verið í Viljann ~~ber~~
~~þess vott~~, að tilfinningin fyrir góðu máli
er ekki jafn næm og hún ætti að vera.
En allt þvílíkt stendur til bóta.
Að eins, að vér öll konur jafnt sem
karlar styðjum ~~jafnt~~ að því að halda
uppi heiðri tungu vorrar, og látum
oss sárna þegar vér heyrum að henni

er misboðið. Bezta ráðið til þess að
skerpa tilfinning sína fyrir góðu máli er
að lesa fornislenzka bókmenntir, hinar
beztu, og hina beztu rit höf. 19. aldarinnar
t.d. eptir Sveinbjörn Egilsson, Jónas Hallgrímsson
Jón Sigurðsson, Guðbrand Vigfússon og fleiri.
Vora eigin sögu ættum vér að leggja meiri
rækt við en vér höfum gert. En af-
sökun er það mikil, að vér eigum enga
nýtilega sögu, þegar Íslendinga sögum í
fornöld er sleppt, en innan lítils tíma
mun þó verða bætt úr þeim skorti —
Það eflir mikið þjóðrækni og ættjarðarást
að þekkja vora beztu menn, að þekkja þá
menn, sem lifað hafa fyrir heill þjóðar sinnar.
Æfisaga Jóns Sigurðssonar vekur hjá oss fram-
fara löngun, löngun til þess að verja allar
beztu kröptum í þarfir þessa lands. Vér
höfum fyrr og síðar átt marga ágæta þjóð-
skörunga, sem oss væri hollt og gott að
þekkja dálítið betur en vér þekkjum. 18. öld-
in var rík af slíkum mönnum. Ég þarf
ekki annað en nefna Skúla fógeta Magnússon,
Finn biskup Jónsson, Eggert vice-lögmann
Ólafsson og Jón Eiríksson konferensráð
Þetta eru menn, sem allir gætu

drengir ~~ættu~~ og konur ættu þekkja, og fá ást
og virðing á. Af ástinni og virðingunni á
þeim, mundi leiða ást og virðing á landinu
og þjóðinni, sem þeir stöfuðu svo dyggilega frá.
Skáldin eru spámenn þjóðanna, úr hjört-
um þeirra streymir hið besta, sem þjóðin
á til. ~~þeir~~ þau handsama hina göfugustu
hugsjónir, sem samtími þeirra hefur af að segja
og flytja þær út í þjóðlífið. Ef vér viljum ~~viljum vér~~ þekkja
þjóðlífið í öllum þess byltingum og breyting-
um frá fyrr og síðari tíma, ef vér viljum ~~(viljum vér)~~ þekkja
hver hafi verið mestu áhugamálin þessa
og þessa tímabils, hvað ~~menn~~ einkum hafi glatt mann-
ina, hvað ~~menn~~ einkum hafi hryggt þá, þá verðum
vér að fara til skáldanna og láta þau segja oss
frá þessu, og þau gera það rækilega. Vér kom-
umst aldrei eins vel inn í líf og hugsanir
hverrar kynslóðar, eins og með því að ~~kom~~
kynna oss skáld hennar — þar sjáum vér
hana eins og í skuggsjá. Fornskáldin sýna
oss þjóðina á vígvellinum, með sverð í ann-
ari hendi, skjöld í hinni, og hræfuglarnir
flökta í loptinu, búnir þess að kroppa
í náinn. Miðaldaskáldin sýna oss mann-
inn tilbiðjandi hina helgu Guðsmóður.
Sálmaskáld hinnar nýju lútersku kirkju
sýna oss hina afar-heitu trú, sem stundum

verður jafn vel að ofstækistrú, sem kastar
myrkum þunglyndisblæ yfir mannlífið.
Höfuðskáld 18. aldarinnar lýsir því, að allt
skal með mannvitinu gjört, en þar verður
líka vart við sérstakan þjóðernisblæ. 19.
aldar skáldin komast lengst, þar er öllum hæfi-
leikum mannssálarinnar gjört jafnt hátt
undir höfði; vit, vilji og tilfinning. Þar
lýsir sér mannúð og kærleikur, bróðurleg sam-
tök og félagsskapur — þar er formið fegurst, orðatil-
tækin mýkst og hugsanirnar víðtækastar og um-
leið göfugastar og háfleygastar, t.d. hjá séra
Matthíasi, þjóðin er á framfaravegi. Og þetta er sagt með allri virð-
ingu fyrir eldri skáldum, skáldum eins og
séra Hallgrími Péturssyni. —
Börnin okkar ættu því að læra kvæðin eptir
beztu skáldin okkar, það mundi æfa og vekja
hjá ~~þeim~~ ættjarðarást. Vekja hjá þeim tilfinn-
ingu fyrir því, sem er göfugt og háleitt, og kenna
þeim að meta mikils fegurðina.
Ég veit, að það er mjög margt, sem vér þurfum
að laga og bæta hjá oss. Það er deginum
ljósara, að vér erum orðnir langt á eptir
nágrannaþjóðunum. Feður vorir á hinum
svo kölluðu þjóðfrelsistímum, stóðu í engu
baki grönnum sínum, ef ekki fremri, að minnsta
í þjóðlegri meiningu. En þessu er allt öðruvísi

at gegna nú – og það eru ekki löndin, sem
hafa breytst – það eru aðrar kringumstæður,
gömul hugsun einkum, og þjóðlegt frá fram-
farastraumnum. En hvernig eigum vér
að ráða bót á þessu. Nú ríður oss á að
finna réttan grundvöll undir allri fram-
sókn vorri og niðja vorra, og jeg álít, að
auðsætt sé, hver grundvöllurinn eigi
að vera: Einlæg ættjarðarást – og sönn
kristileg trú. Jeg býst við, að flestir séu
mér samdóma um fyrra atriðið, sem
á annað borð nokkuð hugsa um þjóðmálin
og vilji berjast fyrir góðri framtíð þessarar
þjóðar, en um síðara atriðið geta máske
orðið skiptar skoðanir. Það munu máske
vera þeir menn til er hugsa ~~sem~~ sem
svo, að það geri ekki svo mikið til,
þegar um þjóðþrif er að ræða, hvort limir
einhvers þjóðfélags séu yfirleitt Guðstrúar-
menn eða ekki. Þeir mundu ekki standa
lakara að vígi til þess að hafa sig áfram
í lífinu, þótt þeir hugsuðu ekki mikið
um Guð, hjörtu þeirra væru því eindregn-
ari við öflun fjárins. En jeg er gersamlega
mótfallinn þessari skoðun. Því verður aldrei

neitað
Og vantrúarmönnum dettur ekki í hug að neita
því, að grundvöllurinn undir góðri þjóð-
félagsskipun, góðum framförum er ábyrgðar-
tilfinning einstaklinganna. Grundvöllurinn
er þessi, að mennirnir séu áreiðanlegir
til orðs og æðis, að mennirnir séu góðir
menn, vandaðir menn, félagslyndir menn,
menn, sem gera sér það ljóst, að oss mönn-
unum er ætlað að lifa fyrir einhverja
göfuga hugsjón, og að þeir eigi að aðstoða
hver annan í því að ná þessari hugsjón,
sem ekki að eins vakir fyrir heildinni,
heldur líka fyrir hverjum einstakling. Og mér
er það mjög ljóst, að sannur kristindómur vekur
þetta ~~hg~~ hugsjónalíf hjá manninum, elur
það og veitir því slíkan viðgang, að ekk-
ert getur við hann jafnast í því tilliti.
Engin hærri, göfugri, veglegri hugsjón er til
en hugsjón kristindómsins: samfélag mann-
anna við Guð. Kærleikurinn til Guðs
er brennipunktur hans, hann er líf og sál
hans. Og þetta samfélag getur ekki mynd-
ast nema því að eins, að maðurinn
sé góður maður. Sá sem því slíkan
Guð hlýtur að kappkosta sem mest að

vanda alla sína breytni og Guðs kærleikur þvingar
hann til þess að elska bræður sína og
systur, og í því er mest bygging fyrir
sameiginlegri heill mannanna, að þeir
láti sér annt um hvers annars hag,
að sérhver stundi eigi að eins sitt
gagn, heldur annara. Jeg segi því: Vér
eigum að byggja þjóðþrif vor á sönn-
um kristindómi, ekki kaldri vanans
trú, heldur lifandi trú, sem sýnir sig
kröptuga í sönnum bróðurkærleika,
og vér eigum að byggja þjóðþrif vor
á föðurlandsást, láta oss vera annt
um að hlúa að öllu því, sem vér
eigum sem sérstök þjóð, og einkennir
oss frá öðrum þjóðum, og má sérstak-
lega þar til tungu vora og bókmenntir.
Ef vér gerum þetta ~~megum~~ getum vér horft fram í
ókomna tímann með von og trausti, að niðj-
um vorum muni líða betur en oss
hefir liðið, að þeir muni yrkja upp
aptur landið okkar, gera það fegurra
og byggilegra, að þeir hætti að rýja það, en
taka að klæða það aptur. Oss ríður á því
að finna hinn rétta siðferðilega grundvöll
undir framförunum. B. J.

Þá var galdratrú á hæsta stigi meðal
Íslendinga. Og enda eg svo þessa
sögu af Krossaness-Gamla.

// // //

Það er aðalkostur þessarar sögu
að hún er sönn, að því er eg framast
veit. Þegar eg var um tvítugt, lánaði
mér söguna Hjálmar skáld Jónsson
(Bólu-Hjálmar) þá til heimilis á Minni-
Ökrum í Blönduhlíð. Hún var vel
rituð, en rumm-bundin, og gat
eg ekki lesið hana, og enginn á
heimili mínu, nema faðir minn,
og hló Hjálmar að því. Söguna
hefi eg því skrifað hér upp eptir
minni.

Um tildrög sögunnar sagði Hjálm-
ar svo frá: Þegar eg var á tvítugs-
aldri kom eg á bæ í Eyjafirði og

gisti þar. Ekki man eg hvað sá bær hét. Þar var þá til heimilis gamall maður á áttræðis aldri. Hann hét Gamli og var tökumaður Krossaness-Gamla. Þessi yngsti Gamli sagði Hjálmari sögu þessa af afa sínum, en Hjálmar skrifaði söguna strax. Svo sagði Hjálmar frá sjálfur, og kann eg ekki að rengja það. —

Eg dirfist því að senda sögu þessa í „Viljann“ af þeirri ástæðu, að tveir félagsmenn skoruðu á mig að senda honum sögustúf, helst af einhverjum miklum manni, og greip eg þá til þessarar sögu.

Eg vona að allir félagsmenn taki viljann fyrir verkið af minni hendi; og óska eg að þeir hafi skemtun af; það væri mér ánægja.

ið skipulega út, en ekki á nýlingi eins og hefir viljað verða nú upp á síðkastið. Eg taldi því æskilegra að ef að Viljinn verður gefinn út að vetri, sem eg vona, að ritstjórinn yrði ekki nema einn og ætti það að koma í sama stað niður því þeir sem vanir eru að skrifa í blaðið myndu ekki hætta því fyrir það; þó þeir sjálfir gæfu ~~það~~ ekki út.

Þó það sé að líkindum óþarft þá ætla eg að taka það fram að eg skrifa ekki þessar línur í þeim tilgangi að eg vilji sjálfur ná í ritstjóra-embættið, enda get eg ekki skilið að nokkur sé svo galinn að láta sér koma það til hugar að kjósa mig til þess. En ef svo ólíklega skyldi fara að þess yrði farið á leit, þá hlýt eg alvarlega að skorast undan því, vegna þess að eg veit að enginn af félagsmönnum er óforari til þess en eg er mörgum forari. En ekki væri það ómögulegt að eg sendi honum einstöku sinnum

ef hann aðeins vildi nýta það.

Sá maður, sem eg myndi velja til þessa starfa ef eg ætti kost á því, er Gísli á Ökrum, því þó svo líti ekki við honum að öllu leyti þá álít eg hann einna hæfastan til þess af félagsmönnum.

Að svo mæltu læt eg máli mínu lokið og óska að litli Viljinn verði vakinn til nýs lífs að vetri og einnig óska eg félagsmönnum allrar blessunar og hagsældar á komandi sumri. Með vinsemd.

Árni Hallgrímsson.

# Sagan af Gamla Guðmundssyni í Krossanesi við Eyjafjörð.

Guðmundur hét maður er bjó í Krossanesi við Eyjafjörð. Hann var hár maður vexti og gildur að því skapi, en spakur í lund. Hann var ríkur og átti margar jarðir, líka átti hann Krossanes. Hann var kvongaður og var kona hans úr Höfðahverfi ættuð, hún þótti mesti kvenskörungur, en stórgerð í lund. Þau áttu einn son er Gamli hét. Hann var snemma bráðþroska og þótti harðleikinn því er hann lék sér við aðra sveina, og lá oft við stór-meiðingum, en sinni var hann sínu sinna. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum og vandist við allar þær íþróttir er þá tíðkuðust, svo sem glímur, sund, skjóta af bissu og boga, skutla seli og skipstjórnari ~~hinn besti~~, enda átti hann sjálfur áttrayðs skip og valdi hann sér á hásetur, þeir voru flestir úr Höfðahverfi og voru frændur hans, afarmenni til handa.

Þegar Gamli var 18 ára dó faðir hans og tók hann þá við búsforráðum með móður sinni, og þótti hann nokkuð

mikilfengur í því. Hann var svo hár
vexti að það er sagt að hann hafi haft
höfuð yfir hvern mann í Eyjafirði, og
eptir því gildur, en afl hans vissu engir
enda voru flestir við hann hræddir.

Eitt sinn reri hann í sellátur og
sá fátt, en á leiðinni heim sá hann
einn kamp og skaut skutli á hann og
festi í. En kampsi brá við og stakk sér
aðar, en kom fljótt upp aptur. Þá dróg
Gamli hann að borðstokknum og þreif í
heldur ómjúkt, svo slitnaði skutulstreng-
urinn, þá kastar Gamli sér á bak honum
og spennir faðminn utan um selinn fyrir
framan hreifa, en í þessu stakk kampsi
sér með Gamla á bakinu og hvarf. En skjótt
kom hann upp aptur með Gamla á baki sér.
Tóku þá hásetar til ára og vildu veita hon-
um lið, en hann var fljótt undan, og sáu
þeir að Gamli hélt sinni hendi í hvorn
kamp á selnum og stefndi til lands, og í

hvort skipti er kampsi vildi stinga sér,
svipti Gamli honum áþinnilega til, þar
til hann átti fáa faðma til lands. Þá voru
piltar hans nærri komnir að honum. Þá
kallar hann til þeirra og segir: „Það þótti
drengilegt, þegar Indriði ilbreiði kom ríð-
andi á sel, en þetta geta Eyfirðingar líka"
og í þessu sleppir hann annari hendi af
selsa og þrífur hníf úr skeiðum af belti
sér og stingur á kaf í selinn fyrir aptan
hreifann, en í þessu stakk hann sér, en
þá var komið að landi og tóku báðir við
sér. Urðu þá fjátur sviptingar og voru
ýmsir undir, þar til kampsi fór að dasast
herti Gamli sig þá og sló hann hvert
högg eptir annað með steini þar til hann
lét líf sitt. Var þá Gamli líka orðinn
mjög þjakaður, rifinn og bitinn. Þetta
þótti eitt hið mesta hreystiverk unnið
við Eyjafjörð á þeim dögum.

Eitt sinn voru hásetar hans að tala

krapta hans og kváðu hann þriggja manna
maka. Þá gekk hann að tveimur hásetun-
um og tók sinn undir hvorja hönd sér, svo
fast að þeir gátu ekki losað sig, þar til
hann slepti þeim viljugur. Reiddust
þeir þá og hann líka og komu í með þeim
kappræður um krapta hans, að hann kvaðst
þora að maka þeim öllum 6 á sléttum
velli, en þeir trúðu því ekki og buðu hon-
um út. Fóru þeir þá á sléttan völl og
sóktu að honum, en hann varðist svo
vel að enginn fékk fang á honum, og
lék hann sér þá sem Góa við lömb og
barði þá stórhöggum og meiddi suma;
gekk svo langan tíma þar til þeir ypir-
gáfu hann, voru þeir þá móðir og meidd-
ir en hann hvorki sár né móður, og
álitu þeir hann 6 manna maka, en aðrir
12 því hvor þeirra var álitinn þriggja
manna maki, og var hann af sumum
kallaður „tröllið í Krossanesi".

Eitt sinn kom hann inn á Akureyri, var
þar þá danskur kaupmaður, hann var stór
vexti og rammur að afli og þóttist mikill
af sjálfum sér og drambaði stórum. Fór
hann að reita Gamla inn og taka um
krapta hans, því hann langaði að vita hvað
hann væri sterkur, og bauð honum í krók.
Var Gamli til í það, en kaupmaður bað hann
vera fyrir utan búðarborð og gjörði Gamli
það. Þá lét kaupmaður aptur hurðina og
læsti, rétti síðan út um gat er var á hurð-
inni sterkan kaðal og kvaðst mundi
sæma hann góðri gjöf ef hann sliti spottann.
Gamli þreif í og þeið heldur hrikalega og
rikkti í sundur kaðlinum, og bað inn-
göngu, en kaupmaður lét opið eigi að held-
ur. Reiddist þá Gamli og þreif eitt stórt
tré er lá á plássinu og skaut því á hurð-
ina, svo hún fór upp, annaðhvort bilaði
læsingin eða hún brotnaði. Flýði þá kaup-
maður í afhús en sveinar hans í annað.

Gamli fór á eptir kaupmanni og inn til hans; dvaldi hann þar lengi og vissi enginn hvað þar gjörðist. Þar til Gamli kom út á pláss og kaupmaður með honum og kvöddust þá sem vinir og því héldu þeir meðan lifðu.

Það er sagt að örn verpti í Látrabjargi austanverðu við Eyjafjörð og lagðist á lömb þar á ströndinni og jafnvel sýndi sig í að taka ungbörnin ef þeir voru [illegible], varð svo mikil brögð að því að menn gátu ei varið fé sitt. Var lagt fé til höfuðs henni og urðu til margir að reyna við hana en öllum mistókst. Þá gjörðu þeir Gamla boð að koma og hjálpa þeim og vinna ör til fjár. Vildi hann reyna við örn og tók byssu sína og boga og skipar á skip við sjö manna og var út allan Eyjafjörð, allt að Látrabjargi. Þá sá hann örnina fljúga úr björginu og sveif hátt. Greip þá Gamli byssu sína og ætlaði að skjóta á hana, en hún kveykti ekki; þá greip hann bogann og skaut, var það [illegible]ungt, en þó hitti örn örnina undir

# Blönduhlíð

Hin frjóva fjallasveitin
þú fagra Blönduhlíð,
þar lífsbjörg hver er lautin,
þín líkn er ár og síð,
þú svangann margann seður
og sárri forðar pín
þú ást og yndi meður
annast vel börnin þín.

Þú veður blíða byggðin,
með broshýr sólarlönd,
þín sona og dætra dyggðin,
þér dýra rétti hönd,
úr blómum undir hlíðum,
og bláum liljufans,
á fögrum frelsistíðum,
þér flétti heiðurs krans.

Það mæli sérhver maður

þú mæta Blönduhlíð
af lífs vors líknar brunnar
þér lof syng alla tíð,
og þakkir Guði góðum,
sem gaf oss blettinn þann
með háum fögrum hljóðum,
vér heiðrum Skaparann.

Gísli Björnsson.

Eins og mörgum er kunnugt, var eitt sinn í vetur eptir messu á Miklabæ rætt um það, að senda mann heim í Hóla, til að læra hina nýju mjalta-að-ferð, og var þá þegar lofuð nokkrum krónum til fyrirtækisins og yfir það heila tekið fekk það málefni góðann byr.

Mér var svo falið að sjá um framkvæmdir í þessu, og var eg þó að nokkru leiti búinn að útvega mjög heppilegann mann til fararinnar, en þegar sá tími var kominn, að eg vildi láta hann leggja af stað, varð hann að hætta við áform sitt vegna veikinda konu sinnar, og fell oss það báðum illa.

Jeg reyndi samt að fá annann mann, sem eg einig hafði gott álit á til þess starfa, en það kom fyrir ekki, hann var búinn að ráða sig til annars. Eg fór þess líka á leit við tvo aðra, en það fór allt á sömu leið, svo eg er nú orðinn uppgefinn við það, og gef það þér alveg frá mér. Jeg vona nú samt, að bændur þeir sem eiga uppkomin efnileg

börn, láti nú verða af því innan skamms, að eitthvað af þeim læri þessa nýju og nytsömu mjaltaaðferð. Þeir ættu að geta séð það og sjá það líka efalaust, að það er stór framför og hagnaður í því bæði fyrir sjálfa þá og aðra, að mjaltaaðferð þessi verði sem allra fyrst við höfð á heimilunum og það væri sannarlega skammarlegt fyrir oss Miklabæjarsóknar menn, sem bæði af öðrum og oss sjálfum erum álitnir framgjarnir til orða og athafna, ef vér nú í þessu efni yrðum langt á eptir öðrum nú gegnum vorum.

Það eru því mín vinsamleg tilmæli til þeirra sem, hafa hentuga unglinga til að læra þennann starfa að þeir sem allra fyrst láti þá læra hann.

Virðingarfyllst
Gísli Björnsson